



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 3. febrúar 2021



## Ellefti fundur 63 stjórnar HSÍ var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 3. febrúar 2021 kl. 12.00.

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Daði Hafþórsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Magnús Karl Daníelsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Davíð B. Gíslason og Páll Þórólfsson,

Fjarverandi: Engin

### Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
  - a. A landslið karla, undankeppni EM og HM í Egyptalandi  
RG flutti skýrslu fararstjóra varðandi undankeppni EM og svo HM í Egyptalandi. Almennur aðbúnaður liðsins var mjög góður og gekk allt skipulag mjög vel og tókst að halda hópnum frá Covid og matareitrun sem hrjáði mörg lið. Árangur liðsins var undir væntingnum en þó sýndi liðið góðar frammistöður inná milli og bjart er framundan ef rétt er haldið á spilunum.
  - b. Verkefni landsliða framundan  
RG kynnti verkefni landsliðanna framundan. Karllandsliðið fer til Ísrael um miðjan mars í undankeppni EM og kvennalandsliðið fer til Makedóníu viku síðar í forkeppni HM. Skipuleggja þarf ferðirnar mjög vel sökum ferðatakmarkanna og sóttvarna. Þá mun kvennalandsliðið taka æfingarbúðir nú í febrúar.
3. Tímasetning ársþings  
Stefnt er að því að halda ársþing HSÍ föstudaginn 23. apríl
4. Erindi frá Val varðandi færslu á milli aðalliða og ungmennaliða  
Tekið var fyrir erindi frá Val um að fjölga leikmönnum sem mega spila með U liði næsta leik á eftir leik með aðalliði. Í dag er fjöldinn 4 en beðið er um að fara með töluna í 6. Báðar reglurnar eru undantekningar ákvæði og sú ákvörðun um að fjölga á skýrslu er til að mæta álagi og er ekki skylda fyrir félög. Erindinu er því hafnað.
5. Önnur mál
  - a. RG kynnti niðurstöður fjáröflunar sem farið var í, í janúar. Áfram verður unnið að verkefnunum og þeim komið í fastar skorður.

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 3. mars kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari